



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 11. ágúst 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sátu fundinn  
Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem  
ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Egill setti fundinn og bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1408005 – Kosning formanns og varaformanns.

*Karl Kristjánsson kjörinn formaður nefndarinnar og Egill Sigurgeirsson kjörinn  
varaformaður. Samþykkt samhljóða.*

Karl Kristjánsson tók við fundarstjórn.

#### 2. 1408001 – Fundargerð skipulags-, bygginga- húsnæðis- og hafnarnefndar 6. júni 2014.

*Fundargerð lögð fram og samþykkt.*

#### 3. 1402022 – Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, þéttbýlið á Reykhólum, efnistaka og frístundabyggð í landi Kirkjubóls.

Svar Skipulagsstofnunar dagsett 26. júní 2014 við erindi Reykhólahrepps frá 5. júní  
2014.

*Tekið hefur verið tillit til athugasemda Skipulagsstofnunar og er skipulagið í  
auglýsingu.*

#### 4. 1408002 – Hafrafell 220107 – umsókn um stofnun lóðar Hafrahlíð.

Erindi frá Andreu Kristjönu Lind Gunnarsdóttur frá 15. júlí 2014.

*Óskað hefur verið eftir því við umsækjendur að þeir komi með nýja tillögu að nafni á  
hina nýju lóð. Málinu frestað. Samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar:

#### 5. 1408003 – Skipulagsdagurinn 2014.

Tilkynning frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 26. júní 2014.

*Kynnt. Byggingafulltrúi sækir Skipulagsdaginn 2014 fyrir hönd sveitarfélagsins.*

**6. 1408004 – Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna.**

Úttekt Hafnasambands Íslands, tilkynning frá 24. júní 2014.

*Lagt fram.*

**Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:**

**7. 1408010 – Framkvæmdir við leikvöll Reykhólaskóla.**

*Byggingafulltrúi gerði verðkönnun, opnun könnunar var 5. ágúst. Eitt tilboð barst, Kolur ehf. kt. 700189-2609 að upphæð kr. 10.443.000.*

*Kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kr. 6.303.900. Kostnaðaráætlun var unnin af Landmótun ehf.*

*Nefndin gerir tillögu að tekinn verði hluti af verkinu í samráði við tilboðsgjafa.*

**8. 1408011 – Gatnagerðargjöld á Hafnarlóð.**

*Framkvæmdastjóri Norður og Co. mætti á fund sveitarstjórnar þann 30. júní 2014 vegna málefna Saltverksmiðjunnar, þar á meðal vegna útgefins reiknings frá sveitarfélaginu fyrir helmingi gatnagerðargjalda fyrir lóðina.*

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún marki sér stefnu vegna liðar 5.3 í gatnagerðargjaldskránni. Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11.55.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____